

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða,
nr. 151 22. marz 1968.

1. gr.

22. gr. b. liður reglugerðarinnar orðist svo:

- b. Sótthreinsunarefni, svo og efni og samsetningar, sem búið er um til afhendingar í lyfjabúð og ætlaðar eru til tæknilegra nota (undanþegnar eru þó samsetningar ætlaðar til framleiðslu á snyrtivörum), skal auðkenna rauðum merkimiða. Eiturefni skal einnig merkja rauðum merkimiða, eða eins og heilbrigðisyfirvöld kunna að mæla fyrir um. Efni notuð í rannsóknaskyni skal auðkenna gulum merkimiða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. lyfsöslulaga nr. 30 29. apríl 1963, tekur gildi 15. janúar 1969.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

20. desember 1968.

Nr. 304.

REGLUGERÐ

um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Íslenzkum bátum allt að 200 brúttórúmllestum að stærð, sem veiða með botnvörpu, skal heimilt á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1969 að veiða á eftirgreindum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar.

1. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3 11. marz 1961. Togveiðar skulu þó hannaðar innan markalínu, sem hugsast dregin í kringum Grimsey 4 sjómílu frá yztu annesjum og skerjum hennar.
2. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í vestur frá Garðskaga, og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur nr. 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju. Öll veiði skal þó hönnuð á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og lands og takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin þannig, að Urðarviti og Faxaskersviti beri saman og að austan af línu, sem hugsast dregin þannig, að Bjarnarey að vestan beri við Elliðaey að austan